



Alþýðusamband Íslands

## Stefna ASÍ í jafnrétti kvenna og karla

Samþykkt á ársfundi Alþýðusambands Íslands 22. október 2005

Eitt af hlutverkum verkalýðshreyfingarinnar er að fylgja eftir markmiðum laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Það felur m.a. í sér að komið verði á og viðhaldið jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla á öllum sviðum samfélagsins.

Til þess að ná fram ofangreindum markmiðum skal efla og styrkja samstarf við önnur samtök launafólks og alla aðra aðila vinnumarkaðarins. Einnig á verkalýðshreyfingin að leita samstarfs við önnur hagsmuna- og félagasamtök sem vinna að jafnrétti kvenna og karla.

Vinna á markvisst með aðildarsamtökum ASÍ að því að efla vitund og skilning á mikilvægi jafnréttis kvenna og karla. Heildarsamtök og einstök stéttarfélag eiga að setja sér framsækna og markvissa stefnu í jafnrétti kvenna og karla og framkvæmdaáætlun þar sem hægt er að mæla árangur og þróun markmiða.

### Verkefni verkalýðshreyfingarinnar

- Auka umræðu um jafnrétti kvenna og karla.
  - Halda málstofur og fræðslufundi um jafnrétti kvenna og karla á vinnumarkaði til að leggja áherslu á hlutverk verkalýðshreyfingarinnar í jafnréttismálum.
- Stuðla að því að öll aðildarsamtök og stéttarfélag innan ASÍ setji sér jafnréttisáætlun í samræmi við jafnréttislögin.
  - Samkvæmt jafnréttislögum (13. gr.) ber atvinnurekendum og stéttarfélagum að vinna markvisst að því að jafna stöðu kynjanna á vinnumarkaði. Einnig er kveðið á um að fyrirtæki og stofnanir þar sem starfa fleiri en 25 starfsmenn, skuli setja sér jafnréttisáætlun eða taka sérstaklega á jafnrétti kynjanna í starfsmannastefnu sinni.
  - Skrifstofa ASÍ setji gott fordæmi og semji jafnréttisáætlun sem nýtist áfram sem fyrirmynd fyrir aðildarsamtök og stéttarfélag.
- Auka fræðslu um jafnrétti kvenna og karla.
  - Fræðsla um jafnrétti kvenna og karla verði á vegum MFA og Félagsmálaskólans.
  - Trúnaðarmenn fái fræðslu um gerð og framkvæmd jafnréttisáætlana, þannig að þeir geti skapað jákvætt aðhald og eftirfylgni með gerð þeirra og framkvæmd.

- Lögð verði áhersla á að jafnréttisfræðsla komi sem námsefni inn í öll skólastig.
- Auka hlut kvenna í stjórnnum og áhrifastöðum innan verkalýðshreyfingarinnar og í samtökum þeim tengdum, s.s. stjórnnum lífeyrissjóða.
  - Byggja upp tengslanet kvenna sem eru talsmenn verkalýðshreyfingarinnar; kjörnir fulltrúar, starfsmenn, sérfræðingar, trúnaðarmenn, virkir félagsmenn.
  - Leggja áherslu á samþættingu og innleiðingu hennar sem aðferðar til að tileinka sér nýjan hugsunarhátt og verklag meðal kvenna sem eru talsmenn verkalýðshreyfingarinnar.
  - Tillit verði tekið til samþættingar heimilis og vinnu við tímasetningar á fundum og öðrum félagslegum atburðum.
- Útrýma kynbundnum launamun með öllum tiltækum ráðum.
  - Greina hvar er að finna upplýsingar um kynbundinn launamun og hvernig hægt er að nýta þær í þágu verkalýðshreyfingarinnar.
  - ASÍ komi með tillögur og athugasemdir um aðferðarfræði til þeirra sem gera launakannanir.
- Sett verði mælanleg markmið er varða jafnrétti kvenna og karla og árangur verði metinn árlega með kerfisbundnum hætti.
  - Skoða hlutfall kvenna og karla í nefndum og ráðum út frá hlutfalli kynjanna í viðkomandi stéttarfélögum.
  - Fylgja eftir markmiðum jafnréttisáætlana og niðurstöðum launakannana.
- Fylgja eftir þeim lögum sem kveða á um jafnrétti kvenna og karla og veita atvinnurekendum aðhald í þeim efnum.
  - Fylgja því eftir að atvinnurekendur vinni markvissa jafnréttisáætlun og jafni stöðu kynjanna innan fyrirtækis síns eða stofnunar eða taki sérstaklega á jafnrétti kvenna og karla í starfsmannastefnu sinni.